

**DALURINN, BRENNNA, BREKKUSÖNGUR, LUNDI, VINÁTTA, PEYJAR, PÆJUR OG ALLT ANNAD**





# ÞJÖÐHÁTIÐ

MUGISON | BÖTNLEÐJA

PÁLL ÓSKAR | JÓN JÓNSSON

HAM | DOPE DOD | BUBBI

BLÁR ÓPAL | HJÁLMAR | BLAZ ROCA

FRIDRIK DÓR | BUFF | MAGNÚS OG JÓHANN

INGÓ OG VEDURGUDIRNIR | ÚLEUR ÚLEUR

VICKY | EYBÓR INGI | BJÖRGVIN HALLDÓRS

2012 RONAN KEATING

DALURINN BÍÐUR



#dalurinn

Miðasala á [dalurinn.is](http://dalurinn.is)



# fyrst & fremst

Vissir þú að lundir merkir mánudagur á frönsku?



Mýnd/ Óskar Pétur

Forvarnarhópur ÍBV sér um átakið **Bleika filinn** sem berst gegn kynferðislegu ofbeldi á Þjóðhátíð. **Monitor** ræddi við einn meðlim hópsins um þetta flotta framtak.

Forvarnahópur ÍBV stendur fyrir virkilega flottu átaki á Þjóðhátíð í ár. Fyrr í sumar var ákveðið að hefja átakið Bleika filinn og berst hópurinn gegn kynferðislegu ofbeldi á hátíðinni.

„Við byrjuðum með þetta í lok júní og fljótlega í kjölfarið varð þetta verkefni til,“ segir Birkir Thór Högnason, fjölmiðlafulltrúi forvarnarhópsins en framkvæmdastjóri hópsins er Jóhanna Ýr Jónsdóttir. „Jóhanna Ýr var ein af forsvarskonum Druslugöngunnar hér í Vestmannaeyjum og forsvarsmenn ÍBV voru einnig í þeirri göngu,“ segir Birkir og á þá við hina kunnu Druslugöngu sem haldin hefur verið víða um heim gegn kynferðislegu ofbeldi. „Menn fóru bara að spjalla saman og þetta varð allt í einu til.“

### Svara kalli samfélagsins

Birkir segir gríðarlega mikla þörf á átaki sem þessu og bendir á Þjóðhátíðir fyrri ára í því samhengi. „Eftir Þjóðhátíð í fyrra kallaði samfélagið á að eitthvað yrði gert í þessum málum,“ segir Birkir og bendir á að nafn átaksins sé vandlega valið.

„Bleiki fillinn stendur náttúrulega fyrir frasann góðkunna yfir vandamál sem má ekki tala um, vandamál sem er lokað á. Þetta er samfélagslegt vandamál sem þarf að berjast gegn. Auðvitað gerist þetta ekki bara á Þjóðhátíð en einhver staðar verður maður að byrja,“ segir hann og bætir við að Eyjamenn sjálfir vilji að sjálfsögðu taka á vandanum.

### „Samþykki er sexy“

Á meðan hátíðahöldunum stendur kemur Bleiki fillinn til með að dreifa ýmsum varningi tengdnum áttakinu í Dalnum. „Við verðum með boli og auglýsingar á stóra sviðinu milli atriða. Durex er í samstarfi við okkur og við komum til með að dreifa 1500 smökkum í pakkningum merktum áttakinu ásamt ýmsu fleiru,“ segir Birkir en á smökkunum, bolunum og hinum varningnum verða rituð slagorð gegn kynferðislegu ofbeldi. „Slagorðin okkar eru öll í eðli samþykkis, svipað og Samþykkishópurinn í Reykjavík hefur verið að gera. Þeir leyfa okkur að nota slagorð sitt „Samþykki er sexy“ sem við setjum aftan á alla bolina okkar.“

## MMM

### MONITOR MÆLIR MED...

#### Í MALLAKÚTINN

Svangir Þjóðhátíðargestir ættu að leggja leið sína á kaffihúsið **Vinaminni** á Vesturvegi því þar er boðið upp á allskyns góðgæti. Sérstaklega er mælt með ljúffengu speltþitsunum og salatbarnum sem vikur engan og þar að auki er starfsfólkið sérstaklega vinalagt.



#### FYRIR TJALDHEFTA

Það getur verið mikið basl að tjalda og taka saman en félagarnir hjá Rentatent.is redda máluum. Þú ferð inn á síðuna þeirra, velur þér tjald og mætir á svæðið áhyggjulaus með uppsett tjald og aðrar nauðsynjar.



#### TIL AÐ HITTA UPP

Buff-bræðurnir Pétur Jesú og Hannes Friðbjarnarson sjá um Virka morgna á Rás 2 í næstu viku vegna sumarleyfa en félagarnir skella sér svo beint til Eyja til að skemma Þjóðhátíðargestum. Ætli þeir borði Lindubuff í morgunmat?



## Vikan á facebook



**Heiðar Austmann**  
Vá hvað GIF myndir og "þegar ég heyri" texti

sem fylgir þeim fer ótrúlega í mínar finustu. Er ekki komið gott af þessu eða?

25. júlí kl. 11:35



**Sindri Freyr Guðjónsson**  
SVO STUTT Í ÞETTA!! eitthvað að þér ef þú ætlar

ekki að mæta! Ég og Patti verðum á stórasviðinu klukkan 20:30 á föstudeginum, mættu aðeins fyrr í dalin og kíktu uppí brekku! Síðan verðum við í hljómsveitinni Vangaveltur á litla sviðinu föstudags eða laugardagsnóttina!

25. júlí kl. 12:18



**Ingólfur Þórarinnsson**  
Kominn með Driver, golfhanska, kerru og hörkuset.

Nú er bara eitt eftir, að geta eitthvað!

24. júlí kl. 20:58



**Hannes Friðbjarnarson**  
Ég man þegar ég var lítill og mamma sendi mig út í búð

með fimmhundraðkall... ég kom heim með 2 brauð, 2 lítra af mjólk, oststykki, nokkra snakkpoka, 2 lítra af gosi, slatta af nammi og kex. En þetta er ekki hægt að gera lengur; í dag eru komnar upp svo margar öryggismyndavélar

23. júlí kl. 14:02

## FEITAST I BLAÐINU

**6** Monitor telur upp allt sem þú þarft að vita um Þjóðhátíðarstjórnuna **Ronan Keating**.



**15** Blaz Roca, Frikki, Ingó og Lundu spreyttu sig á Þjóðhátíðarprófi **Monitor**.



**22** Fólkið sem er að fara á Þjóðhátíð gefur góð ráð fyrir spennna Þjóðhátíðarfara.



**28** Stíllinn er í Þjóðhátíðarskapi og fékk Önnu og Gumma til að dressa sig upp.



Efst í huga Monitor

## Eyjan mín fagra græna

Þú veist hvað ég meina, mæ,“ sagði strákurinn og blikkaði stelpuna fögru. Stúlkan brosti blítt til stráksins, kinkaði kalli og hvíslaði: „Ég veit þú kemur í kvöld til mín.“

Seinna um kvöldið stóð strákurinn við orð sín og fann stúlkuna í hvíta tjaldi fjölskyldu hennar. Stúlkan var úr Eyjum en strákurinn af fasta landinu. Hann tók stúlkuna í faðm sér og rifjaði upp þeirra fyrstu kynni. „Á Þjóðhátíð þar hitti ég þig,“ sagði hann.

Stelpa var svo yfir sig hrifin af stráknum að hún roðnaði í kinnum. „Ég er ástfangin í þér,“ sagði hún og bætti við: „Viltu elska mig á morgun eins og ég elska þig í dag?“ Strákurinn játti því að sjálfsögðu en gantaðist um



leið og sagði: „Á morgun mun ég vakna upp í Vestmannaeyjum við vegamót hins andlega seims. Í fullum dal af finum peyjum og fallagustu konum heims.“

Sunnudagskvöldið rann upp og skyndilega varð Dalurinn bleikur enda eitt blys fyrir hverja Þjóðhátíð tendrað í brekkunni. „Þar sem hjartað slær,“ söng fólkið og strákurinn, sem hafði verið skiptinemi á Ítalíu í eitt ár, hugsaði með sér:

„La dolce vita.“ Það var sem stúlkan hafi lesið hugsanir hans því í sömu andrá öskraði hún eins hátt og hún gat af mikilli innlifun: „Lífíð er yndislegt.“

Monitor óskar öllum Þjóðhátíðargestum góðrar skemmtunar en biður fólk þó um að ganga hægt um gleðinnar dyr og vera gott hvort við annað.

**MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri:** Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)  
**Bláðamenn:** Lís Hafliðadóttir (lisa@monitor.is) Sigyn Jónsdóttir (sigyn@monitor.is) **Umbrot:** Rebekka Líf Alberts (rebekka@mbl.is)  
**Auglýsingar:** Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) **Forsíða:** Styrmir Kári (styrmirkari@mbl.is)  
**Myndvinnsla:** Andrea Kristjánsdóttir **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136



# Lífið er fínt

Hljómsveitin **Úlfur Úlfur** spilar í fyrsta skipti á Þjóðhátíð í ár. **Monitor** ræddi við **Helga söngvara** um lífið í Dalnum og Ronan Keating.



#### Hvað hefur þú farið oft á Þjóðhátíð?

Ég hef aldrei farið á Þjóðhátíð en er mjög spenntur. Reyndar skilst mér að sunnudagskvöldið eigi að vera aðalkvöldið en við förum heim á sunnudeginum til að spila á Innipúkanum í Reykjavík.

#### Kemur Þjóðhátíð til með að vera stærsta gíggíð ykkar hingað til?

Já ætli það ekki bara. Við erum ekki vanir að spila fyrir svona marga en tökum samt bara sama prógram og vanalega sem ætti að svínvirka í Dalnum.

#### Hvernig myndir þú lýsa Þjóðhátíð í fimm orðum?

Mikið fylleri, blautt ef rignir.

Þið eruð frá Saudárkróki líkt og Sverrir Bergmann sem sló í gegn á Þjóðhátíð með laginu Án þín. Er eina markmið ykkar að

#### feta í fótspor hans?

Nei, við erum meira svona Audda Blö týpan.

#### Hvað mynduð þið kalla Þjóðhátíðarlagið ykkar?

Lífið er fínt myndi lagið heita og það væri gaman að fá hologram af Tupac með okkur í þetta eins og var gert um daginn á tónlistarhátíð í Kaliforníu.

#### Hvað er það besta við Þjóðhátíð að ykkar mati?

Kæran mín er forfallinn aðáandi Þjóðhátíðar og hefur farið milljón snum og talar afskaplega fallega um Þjóðhátíð. Mér skilst að það að fara með vinum sínum í hóp þangað, gleyma stað og stund og að vera í fríi á mánudeginum sé bara tær snilld.

#### En það versta?

Ábyggilega að komast ekki heim, missa af

Herjólfí og þurfa að vera fram á miðvikudag. Allir farnir og þú væntanlega veikir eftir átök helgarinnar.

#### Hvert er uppáhaldslagið ykkar með Ronan Keating?

When You Say Nothing At All, sem er meira að segja bara mjög fínt lag.

#### Hvort mynduð þið frekar vilja rekast á hann eða Dope D.O.D. í Dalnum?

Ég myndi frekar vilja rekast á Ronan Keating. Hann er meira heillandi, þeir eru mjög ljótir og ég held ég yrði hræddur við þá.

#### Hvað er framundan hjá Úlfí Úlfí?

Við ætlum að spila mikið út ágúst og eitthvað fram í byrjun september en svo hugsa ég að við tökum okkur smá pásu frá slíku. Svo er líka kominn tími á að byrja á nýju efni.



operasi

**MAF**





# Lífið er

# rússíðbani

## RONAN KEATING

**Fullt nafn:** Ronan Patrick John Keating.

**Fæðingardagur:** 3. mars 1977.

**Alinn upp** í Dublin á Írlandi.

**Foreldrar:** Vörubílsstjórinn Gerry og hárgreiðslukonan Marie.

**Fyrirverandi eiginkona:** Yvonne Connolly, gefin saman í apríl 1998, skilin í apríl 2012.

**Börn:** Jack, 13 ára, Marie, 11 ára og Alice, 6 ára.

# ronan keating

## BOYZONE

• Louis Walsh, umboðsmaður Johnny Logan og síðar Westlife, setti sveitina saman árið 1993.

• Ronan var valinn ásamt fjórum öðrum af þeim ríflega 300 sem komu í prufu og sungu George Michael- lagið „Careless Whisper“.

• Ári eftir stofnun hljómsveitarinnar gerðu þeir útgáfusamning við Polygram og fyrsta lagið sem þeir gáfu út hjá þeim var ábreiða af Four Season-slagaranum „Working My Way Back to You“.

• Fyrsta plata þeirra, Said and Done, náði toppsætinu á írsku og breska vinsældarlistanum.

• 19 lög sveitarinnar náðu inn á topp 40 listann í Bretlandi, 18 laganna náðu inn á topp 10 en sex þeirra náðu alla leið á toppinn.

• Fimm breiðskífur náðu fyrsta sætinu á breska vinsældarlistanum en sveitin hefur selt rúmlega 30 milljónir eintaka af plötum sínum á heimsvísu.

• Sveitin lagði upp laupana árið 2000 en kom svo saman í nýjan leik árið 2007 og starfar enn með hléum.

## SÓLO-FERILLINN:

• Ronan var ennþá meðlimur í Boyzone þegar hann tók upp Notting Hill-smellinn „When You Say Nothing At All“.

• Lagið fór á toppinn í Bretlandi.

• Sömu sögu má segja um fyrstu sóló-plötuna hans sem hét einfaldlega Ronan.

• Platan er jafnframt fjórföld plátinum-plata og komst á topp 10 lista í átta löndum í Evrópu.

• Ronan hefur gefið út níu breiðskífur.

• Ronan komst í Heimsmetabók Guinness fyrir að eiga 30 lög í röð á topp 10 listanum í Bretlandi og sló þar út hetjur á borð við Elvis Presley.

• Hann hefur selt meira en 25 milljónir eintaka af plötum sínum á heimsvísu.



Ég hef áritað brjóst og rassa. Ég hef áritað allt.

## FLOTTUR GAUR

• Ronan keppti fyrir hönd Írlands í frjálsum íþróttum og varð írskur meistari í aldursflokki 13 ára og yngri í 200 metra hlaupi.


• Áður en Ronan varð meðlimur Boyzone stefndi hann á nám í New York á íþróttastyrk því draumur hans var að vinna verðlaun á Ólympíuleikumunum.

• Árið 1998 dó móðir hans úr brjóstkrabbameini, einungis 54 ára gömul og stofnaði Ronan Marie Keating Foundation til að heiðra minningu hennar og leggja krabbameinsbaráttunni lið.

• Fyrsta smáskífan sem Ronan keypti sér var „Last Christmas“ með hljómsveitinni Wham.

• Fyrirverandi kona Ronan, Yvonne, fékk hjólið þegar Ronan var á 18. holi Celtic Manor golfvallarins þar sem hann tók þátt í stjörnu golfmóti. Barnið, sem var þeirra þriðja, kom þó ekki fyrr en níu dögum síðar.

• Í Ástralíu er Ronan þekktastur fyrir störf sín sem dómari í X-Factor.



Life is a rollercoaster,  
just gotta ride it.

## Syngdu með Ronan

### If Tomorrow Never Comes

Am  
Sometimes late at night  
D C/G G C G  
I lie awake and watch her sleeping  
D Am  
She's lost in peaceful dreams  
D C G C/G G  
So I turn out the lights and lay there in the dark

G Am7  
And the thought crosses my mind  
D C/G G C/G G  
If I never wake up in the morning  
D Am7 D  
Would she ever doubt the way I feel  
C G C/G G  
About her in my heart

C  
If tomorrow never comes  
G  
Will she know how much I loved her  
D Am D  
Did I try in every way to show her every day  
C G  
That she's my only one  
Am G/B C  
And if my time on earth were through  
D Em  
And she must face this world without me  
C  
Is the love I gave her in the past  
D  
Gonna be enough to last  
G C/G C/G  
If tomorrow never comes

'Cause I've lost love ones in the past  
Who never knew how much I loved them  
Now I live with the regret  
That my true feelings for them never were revealed  
So I made a promise to myself  
To say each day how much she means to me  
And avoid that circumstance  
Where there's no second chance to tell her how I feel

G Am7  
So tell that someone that you love  
D  
Just what you're thinking of  
C G/B Am G  
If tomorrow never comes





LÉTTÖL

# TUBORG

LIQUID SOUNDTRACK

*Fjörirð hefst  
með Tuborg*





# Þjóðhátíðarkortið

Leggðu þetta kort á minnið, það er bannað að týnast á Þjóðhátíð!



## Vissir þú að...

...Heimaey er eina byggða eyjan í Vestmannaeyjaklasanum og er **12. stærsta bæjarfélag landsins**.

...það tæki venjulega manneskju **84 mínútur** að ganga frá Ketilskerri að Faxa.

...Vestmannaeyjar heita eftir írskum og skoskum þrælum (vestmönnum) sem **Ingólfur Arnarson** elti til eyjanna og drap, eftir að þeir höfðu orðið **Hjörleifi** fóstbróður hans að bana.

...Herjólfssdalur heitir í höfuðið á **Herjólfí Bárðarsyni**, fyrsta landnámsmanninum í Vestmannaeyjum, en bær hans stóð í dalnum.

...þann **23. janúar 1973** hófst eldgos í Heimaey og eyðilagði og/eða skemmdi um 60% af öllum húsum í bænum. Íbúarnir (þá 5.273 talsins) voru nær allir fluttir upp á land og sneru flestir aftur heim að gosi loknu.

## Möst að vita:

- 1 Herjólfur**  
Hér stíga þeir sjóhraustu fyrstu skrefin inn í gleðina.
- 2 Vestmannaeyjaflugvöllur**  
Hér hefst ævintýrið hjá þeim sem velja skjótari leiðina.
- 3 Herjólfssdalur**  
Undir stjörnusalnum, inni Herjólfssdalnum!
- 4 Tjaldstæði ÍBV**  
Fyrir þá sem ekki eru tilbúnir í að gista í dalnum.
- 5 Sundhöllin**  
Staðurinn til að sýna sig og sjá aðra og gera sig finan fyrir kvöldið.
- 6 Vínbúðin**  
Hér nærðu í „safann“.
- 7 Vöruval, matvöruverslun**  
Hér kaupir þú gott á grillið.
- 8 900 Grillhús, veitingahús**  
Ef menn vilja gera vel við sig!
- 9 Eyjavík, verslun**  
Ef rignir reddarðu stígvélunum hér!
- 10 Golfvöllur Vestmannaeyja**  
Sumir verða að halda sveiflunni við.
- 11 Lögreglustöðin**  
Ef þú lendir í veseni.



SAMSUNG



Samsung  
GALAXY S III

*inspired by nature*



# Ljótu andarungarnir frá Hollandi

Hollenska harðkjarna -hip hop sveitin **Dope D.O.D.** spilar á Þjóðhátíð í ár. **Monitor** fór á stúfana og kynnti sér hina ófrýnilegu Dopey Rotten, Jay Reaper og Skits Vicious.

FYRSTA BREIÐSKÍFA DOPE D.O.D.  
BER NAFNIÐ BRANDED

## DOPE D.O.D.

Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 020489.

Stofnuð: 2006.

Hljómsveitarmeðlimir: Dopey Rotten, Jay Reaper og Skits Vicious.

Plötur: Branded (2011).

Þrjú góð lög: What Happened, Gatekeepers og Pandora's Box.

- Hljómsveitarmeðlimir Dope D.O.D. koma allir frá bænum Groningen í Hollandi.
- Sveitin var stofnuð árið 2006 en komst fyrst á kortið þann 30. janúar 2011 þegar þeir gáfu út myndband við lagið What Happened.
- Myndbandið hefur fengið tæplega 8 milljónir áhorfa á YouTube.
- Í framhaldinu var þeim boðið að spila á Iceland Airwaves og segir á heimasíðu sveitarinnar að upp frá því hafi hjólin farið að snúast.
- Í júní gaf sveitin út EP-plötuna The Evil EP og stuttmyndaseríuna Brutality sem kynnir hljómsveitarmeðlimi á mjög svo óhuggulegan hátt.
- Sumarið byrjaði vel hjá Dope D.O.D. en þeir hituðu upp fyrir Fred Durst og félagi í Limp Bizkit á Evróputúr þeirra.
- Um haustið fór sveitin á eigið tónleikaferðalag um Evrópu og kom meðal annars við á Íslandi við góðar undirtektir hátíðargesta á Iceland Airwaves.
- Um svipað leyti kom út fyrsta breiðskífa þeirra, Branded, en sú vakti mikla athygli fyrir nýjan og ferskan blæ í hip hop tónlist.
- Í nóvember hélt sveitin á tónleikaferðalag um Bandaríkin þar sem þeir hituðu upp fyrir hina goðsagnakenndu harðkjarnasveit Korn.
- Síðan þá hafa hinir óhuggulegu meðlimir Dope D.O.D. komið fram á fjölmörgum tónlistarhátíðum um allan heim og munu þeir að öllum líkindum trylla lýðinn á Þjóðhátíð.

DOPE D.O.D.  
DREKKA OFT DJÚS

DANNADIR OG DÝRVITLAUSIR

OFT KALLADIR  
DIDDI OG DENNI

HALDA MÆTTI AÐ EINKENNISORÐ  
DOPE D.O.D. VÆRU DANS OG DAUÐ!



# Mmm...

## HEFUR ÞÚ SMAKKAÐ?



Aðeins meira

Mmm...

í lífið



# Hverjir eru Fjallabráður?

Monitor fékk að kynna nokkrum Fjallabráðum betur og forvitnað um hin háværu heljarmenni.



## GRÉTAR ÞÓR SÆÞÓRSSON

Aldur: 35 ára.

Rödd: Tenór.

Starf: Bifvélavirki.

Upphaldskór fyrir utan Fjallabráður: Flugfreyjukórinn.

Mugison er... flottur Súðvíkingur.

Sverrir Bergmann er... hálfbróðir okkar.

Þjóðhátíð er... bara gaman.



## ÞORSTEINN BRAGI JÓNÍNUSON

Aldur: 36 ára.

Rödd: Hetjubaritónn. Illar raddir kalla mig benór en ég hefði viljað breyta því í bóner.

Starf: Vélstjóri að mennt en vinn í skipasmíðastöð.

Upphaldskór fyrir utan Fjallabráður: Flugfreyjukórinn, ekki endilega út af söngnum.

Mugison er... kynþokkafullur.

Sverrir Bergmann er... tölvunörd (og kynþokkafullur).

Þjóðhátíð er... geðveik.



## HJÁLMAR KRISTINN HELGASON

Aldur: 37 ára.

Rödd: Baritónn.

Starf: Ýmislegt, framkvæmdastjóri og eitthvað svoleiðis.

Upphaldskór fyrir utan Fjallabráður: Kór sjómannaskólans.

Mugison er... loðinn.

Sverrir Bergmann er... ekki loðinn.

Þjóðhátíð er... stórkostleg.



## REYNIR ANDRI SVERRISSON

Aldur: 30 ára.

Rödd: Baritónn.

Starf: Bílstjóri hjá Glerskálanum í Kópavogi og leigubílstjóri um helgar.

Upphaldskór fyrir utan Fjallabráður: Karlakórinn Prestir, afi minn var tenór þar í mörg ár.

Mugison er... vinur Fjallabráðra.

Sverrir Bergmann er... með skeið í hendi til að skera hjartað úr sér.

Þjóðhátíð er... okkar hátíð í ár.



## GISSUR ÞÓR RÚNARSSON

Aldur: 24 ára.

Rödd: Baritónn.

Starf: Nemi í ferðamálafræði og markaðsfræði í HÍ. Í sumar starfa ég sem sölumaður hjá BM Vallá.

Upphaldskór fyrir utan Fjallabráður: Karlakórinn Heimir.

Mugison er... frábær.

Sverrir Bergmann er... sköllóttur.

Þjóðhátíð er... ótrúleg.

Ljósmyndir/Eggert og Óskar Pétur

## Þar sem hjartað slær

Texti: Magnús Þór Sigmundsson.

Flytjendur: Fjallabráður, Sverrir Bergmann og Lúðrasveit Vestmannaeyja.

Capo á 4. bandi

[Am] [C] [G] [Am] [G] [Am]

Am C G

Kveikjum eldana

Am C G

Þar sem hjartað slær

Am C G

Kveikjum eldana

Am G Am

Þar sem hjartað slær

C G

Sjá, Heimaey og Herjólfssdal

C G Am F

Þar sem hjörtun slá í takt við allt

Dm G

sem í æðnum rennur

Am G F

sem á huganum brennur

Dm

hér í brekkunni

þar kveikjum við eld, eld

Am G Am G

Tengjum huga hjart' og sál

Fmaj7 C

þar sem hjartað slær

Fmaj7 G

þar sem hjartað slær

Am G Am

Am C G

Kveikjum eldana

Am C G

þar sem hjartað slær

Am C G

Kveikjum eldana

Am G Am

Þar sem hjartað slær

C G Am F

Sjá, Heimaey og Herjólfssdal

þar sem hjörtun slá í takt við allt

Dm G

sem í æðnum rennur

Am G F

sem á huganum brennur

Dm

hér í brekkunni

þar kveikjum við eld, eld

Am G Am G

Tengjum huga hjart' og sál

Fmaj7 C

þar sem hjartað slær

Fmaj7 G

þar sem hjartað slær

Am G Am G

Tengjum huga hjart' og sál

Am G Am G

þar sem hjartað slær

Am G Am G

Tengjum huga hjart' og sál

Fmaj7 C

þar sem hjartað slær

Fmaj7 G

þar sem hjartað slær

E7

þar sem hjartað slær

Am G

þei þei

Am

í Herjólfssdal

G

hó hó

Am

í fjallasal

G

hei hei

F E

í Herjólfssdal

Am G

þei þei

Am

í Herjólfssdal

G

hó hó

Am

í fjallasal

G

hei hei

F E

í Herjólfssdal

Am G Am G

Tengjum huga hjart' og sál

Fmaj7 C

þar sem hjartað slær

Fmaj7 G

þar sem hjartað slær

Am G Am G

Tengjum huga hjart' og sál

Fmaj7 C

þar sem hjartað slær

Fmaj7 G

þar sem hjartað slær

Am G Am

þar sem hjartað slær





## Kalt og blautt en svolítið hressandi

Á gömlu bæjarbryggjunni í Vestmannaeyjahöfn fundum við vatnsloka sem eru notaðir til að dæla drykkjarvatni á fiskiskipin. Þegar við skrúfuðum frá fengum við ískalt úrhelli sem minnti okkur á íslenska sumarið – kalt og blautt en líka svolítið hressandi.





# TYGGÐU EXTRA

## EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ



Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmii

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeyninga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.



# Þjóðhátíðarpróf Monitor

**Monitor lagði Þjóðhátíðarpróf fyrir reynsluboltana Blaz Roca, Ingó, Friðrik Dór og Lunda.**

## ERPUR ÞÓRÓLFUR EYVINDARSON ROCA

**Fyrstu sex:** 290877.

**Þjóðhátíð númer:** Er þetta ekki að nálgast 10 eða eitthvað?

**Þjóðhátíðargigg númer:** Ég get kannski sofið til hádegis en ég er alltaf í vinnunni á Þjóðhátíð.

**Besta Þjóðhátíðarlagið:** Allir eru að fá sér.

**Versta Þjóðhátíðarlagið:** Þau eru öll fín, maður þarf bara að kýla í sig aukalega fyrir sum.

**Þjóðhátíð er...** illuð.

## LUNDI PYSJUSON

**Fyrstu sex:** 030510.

**Þjóðhátíð númer:** 3.

**Þjóðhátíðargigg númer:** 3.

**Besta Þjóðhátíðarlagið:** Vínátta.

**Versta Þjóðhátíðarlagið:** Þú veist hvað ég meina mær. Djöfull er það væmið.

**Þjóðhátíð er...** góður fengitími, só?



## INGÓLFUR ÞÓRARINSSON

**Fyrstu sex:** 310586

**Þjóðhátíð númer:** sirka 10.

**Þjóðhátíðargigg númer:** 4.

**Besta Þjóðhátíðarlagið:** Þú veist hvað ég meina mær og í brekkunni.

**Versta Þjóðhátíðarlagið:** Mér finnst það vanvirðing við einhvern höfund að segja að eitthvað sé verst. Þau eru kannski misgóð. Sjálfur hef ég spilað lífið er yndislegt svona 2000 sinnum í einhverjum partýum svo ég er orðinn létt leiður á því en það er samt frábært lag sem sameinar alla.

**Þjóðhátíð er...** frábær skemmtun fyrir alla sem hafa gaman af lífinu og taka sig ekki of alvarlega

## FRÍÐRIK DÓR JÓNSSON

**Fyrstu sex:** 071088.

**Þjóðhátíð númer:** 5.

**Þjóðhátíðargigg númer:** 3.

**Besta Þjóðhátíðarlagið:** Verður maður ekki bara að segja Lífið er yndislegt? Það er allavega, í seinni tíð, „hið eina sanna“ þjóðhátíðarlag.

**Versta Þjóðhátíðarlagið:** Ég er bara ekki nógu vel að mér í þjóðhátíðarlögum til að velja það lélegasta, enda er lélegt lag oftast auðgleymanlegt lag.

**Þjóðhátíð er...** stóðhátíð.



**Þú situr ofarlega í brekkunni að syngja hástöfum með Partýbæ því HAM eru að troða upp og mjög drukkin 17 ára unglingur kemur og byrjar að pissa fyrir aftan þig svo hlendið lekur á þig. Hvað gerir þú?**

**B:** Ég náttúrulega tek þennan unglung og pissa á hann meðan ég hlusta á HAM prógrammið allt til enda. ✓  
**F:** Ég myndi láta hann renna sér á andlitinu niður pissu-rennibrautina. ✓  
**I:** Ég er það meðvirkur að ég myndi spyrja hvort hann hafi nokkuð misst bjórinn sinn og athuga hvað hann gerir þá. ✓  
**L:** Ég myndi hefja mig til flugs og skíta á hann, só? ✓

**Árni Johnsen kemur til þín og segist ætla að veita þér þrjár óskir gefir þú honum fallega gjöf. Hvað gefur þú honum?**

**B:** Væri ekki gott að byrja á að splæsa samvisku á kallinn. Ég held að allt myndi leysast í kjölfarið á því. ✓  
**F:** Ég myndi gefa honum vott af hæfileikum. ✓  
**I:** Ég myndi gefa honum þrjá gítartíma og reyna að kenna honum fjórða gripið. ✓  
**L:** Hver í fjandanum er Árni Johnsen?

**Þú ert að hanga með vinum þínum í hvítu tjaldi með heimamönnum, ferð og kaupir franskar í matartjaldinu og hefur svo ekki hugmynd um hvernig skal rata aftur í sama tjaldið. Hvað gerir þú?**

**B:** Ég myndi sennilega gera eins og alltaf. Ég gef ekki dick fyrir hvaða tjaldi ég er í og er bara einhvers staðar. ✓  
 Ég myndi ráfa bara í nýtt tjald, koma mér vel fyrir

með frönskurnar þar til eitthvað betra býðst. ✓  
**F:** Ég myndi líklega fara og kaupa mér meiri franskar. ✓  
**I:** Ég myndi finna mér nýja vini. ✓  
**L:** Ég borða ekki franskar, só? ✓

**Þú ert að taka því rólega baksviðs og þrjár föngulegar meyjrar óska eftir því að taka þátt en aðeins ein þeirra getur fengið gestapassa. Hver verður fyrir valinu?**

**B:** Það er rosa vont að skilja svona útundan. Að ég geti ekki verið í grimmu glensi með þessum þremur vinkonum er brot á stjórnarskrá Þjóðhátíðar í Eyjum. Ég myndi því fara með þeim og við myndum koma okkur fyrir þar sem væri nóg pláss og svo myndi ég senda skriflega kvörtun yfir því að rokkstjörnur geti ekki verið að leggja einn fjórmenning. ✓  
**F:** Ég myndi velja þá sem gæti nefnt flestar sjónvarpsþulur og hvaða ár þær hættu störfum. ✓  
**I:** Ég myndi velja þá sem væri úr eyrni og væri kannski með sambönd inn í eitthvað hvítt tjald og svona. ✓  
**L:** Ég myndi velja þá sem væri með stærstu sundfítin. Ég er með sundfítablæti, só? ✓

**Þjóðhátíðarnefnd biður þig að semja Þjóðhátíðarlag. Hvaða heiti fær lagið?**

**B:** Ég myndi koma með tvær tillögur. Annars vegar „Ég er með lifur úr leðri og gef ekki dick í Dalnum“ og hins vegar „Ég verð stöðill á bíl í Brekkunni“. Það verður að vera brekka eða dalur í laginu, annars verður það ekki samþykkt. ✓  
**F:** „Ég hef ekki tíma til að vera þunnur“. ✓  
**I:** „Druknaður í tjörninni“. ✓  
**L:** „Drepum makríl í Brekkunni“ eða „Léttur í lunda“. Ástæðan er einföld. Ég vil að fjölskyldan mín lifi, só?

**Bó Hall og Bubbi Morthens verða ósáttir og það kemur til handalög máls. Hvað gerir þú?**

**B:** Ég myndi stofna veðbanka á stundinni. ✓  
**F:** Ég myndi taka að mér að lýsa þessu þar sem Bubbi væri greinilega upptekinn. ✓  
**I:** Ég myndi ná í Helga Björns og trommarann í Pöpunum og láta þá leysa málið. ✓  
**L:** Ég myndi bara demba mér með í slaginn og gogga í þessi helvíti. ✓

**Þú sérd tjaldið þitt og svefnpoka í tjörninni og veist ekkert hver á hlut að máli. Hvern grunar þig sterklega?**

**B:** Lilla apa úr Brúðubílum sem er ruglaður náungi, einsöngvarann úr kór Landakotskirkju eða eitthvað hræðilegt kvótabarn. Samt þegar ég hugsa þetta betur þá er það auðvitað Ronan Keating sem væri að gera þetta. Hann er náttúrulega súperstjarna en kemur síðan og sér hver á Dalinn. Hann áttar sig á þessu og er afbrýðisamur. Ég myndi því klárlega rjúka beint á hann, senda hann út í tjörnina, láta hann sultast eftir þessu og tjalda upp á nýtt. Af hverju í fjandanum er ég samt að gista í tjaldi? ✓  
**F:** Gaurinn sem reyndi að kveikja í tjaldinu mínu á Þjóðhátíð 2007. ✓  
**I:** Mig myndi gruna bróður minn og einhverja ÍBV fótbolta-liðsmenn sem eru að vinna þarna á svæðinu. ✓  
**L:** Helvítis makríllinn, hvern annan? ✓

**Þér býðst að keyra bekkjabílinn eitt kvöld. Hvert ferðu með farþegana?**

**B:** Ég tæki náttúrulega spyrnu við Brúðubílinn. En síðan myndi ég keyra þetta lið bara út í sjó. Hækka vel í græjunum, setja allt í botn alveg upp í 35 kílómetra hraða



■ ■ Ég tæki náttúrulega spyrnu við Brúðubílinn.





og láta flakka.

**F:** Ég myndi bara gera eitthvað fallett fyrir þau og bjóða þeim í sund. Eða bara heim til Árna Johnsen í parti? Hlaða öllum þangað bara. ✓

**I:** Ég myndi keyra með þau upp á Stórhöfða í skoðunarferð um eyjuna.

**L:** Ég myndi að sjálfsögðu keyra með þau að Heimakletti þar sem fjölskyldan mín myndi safnast saman í sviffaug og fljúga með þessi kvikindi yfir Eyjuna.

**Þú ert nýsofnaður í tjaldi í Dalnum en vaknar við að Fjallabráður eru mættir inn í tjaldið. Hvað gerir þú?**

**B:** Hvern djöfulinn er þeir að gera þar? Þetta eru Vestfirðingar þannig að það er vel séð. Ég myndi segja þeim að fara úr skónum og ekki reykja inni. Svo myndi ég reyna að láta renna af mér þar sem ég væri greinilega ekki í tjaldinu mínu, heldur í einhverjum sirkus með eitthvað risatjald og 400 loðnum náungum. Það væri eitthvað rangt við þetta tjald. ✓

**F:** Ég myndi hringja í Sigurjón Kjartansson.

**I:** Maður myndi bara rífa upp gítarinn og syngja Give Peace A Chance sem myndi óma um Dalinn. Karlmannleg rödd gegn ofbeldi og nauðgunum. ✓

**L:** Ég myndi gogga vel í hárið á þeim og búa mér til hreiður. Hreiður hjá matartjaldinu.

**Þú hittir Ronan Keating blindfullan og hann biður þig um að koma í sleik. Hver eru viðbrögð þín?**

**B:** Ég myndi segja:

„Þarna þekki ég þig!“ Ég myndi líka benda honum á að reyna aftur kannski klukkan svona sjö á sunnudagsmorgun. Ég væri með geim í gangi en gott að vita af honum ef allt klikkar. ✓

**F:** Ég myndi segja: „Don't do this Ronan, this isn't you.“ ✓

**I:** Ég myndi bjóðast til að vera bara wing-man hjá honum enda alltaf einhverjir eyjapeyjar sem spila í háa grasinu.

**L:** Ég myndi biðja hann um að sleikja mig allan, só? Það jafnast ekkert á við gott það frá frægri tungu. ✓

**Því næst biður hann þig um að koma með sér inn í tjald á trúno um skilnaðinn. Hvað ráðleggur þú honum?**

**B:** Ég held ég myndi segja honum að hengja sig bara. Ég meina, hann er labbandi um á Þjóðhátíð blindfullur og nýskilinn, biðjandi mig, Friikka og Ingó um að koma í sleik. Hvernig eru fréttir sko?

**F:** Ég myndi segja: „Ronan, I will carry you on my shoulders,“ og taka hann á háhest. Því næst myndi ég peppa hann í að kalla yfir Dalinn: „I'm the king of the world.“ ✓

**I:** Maður myndi bara segja: „Ronan, you have to go back home. You've lost it.“

**L:** Trúno um skilnaðinn hans? Hvað með mig? Ég er í útrýmingarhættu! ✓

**Það kviknar í hárinu á Helga Björns þegar brennan hefst en reyktur lundi festist um leið í kokinu á Sverri Bergmann. Hvorum bjargar þú og hvernig?**

**B:** Helgi Björns er náttúrulega að vestan svo hann bjargar sér sjálfur. Sverrir er indæll drengur svo ég myndi kalla út allt lið til að bjarga honum. Helgi myndi bara redda þessu með einum nýopnuðum öl, myndi ekki einu sinni hætta að leggja hann á meðan.

**F:** Ég held að Helgi Björns gæti gert mikið rokk og ról með hárið brennandi en Sverrir Bergmann með reyktan lunda í kokinu verður aldrei töff. Ég myndi bjarga Sverri með Heimlich bara. ✓

**I:** Þarna gæti ég grætt á því að hafa ekki verið vondur við unglínginn í spurningu eitt. Hann væri ennþá mígandi út um allt þarna og ég myndi fá hann til að slökkva í Helga. Til að bjarga Sverri myndi ég verða mér úti um sandsíli sem lundar eru sólgirnir í og setja það sem beitu fyrir framan kjaftinn á Bergmann. Svo myndi lundinn bara hoppa út úr honum. ✓

**L:** Ingó er náttúrulega ruglaður. Reyktur lundi er dauður lundi. Það er einmitt þess vegna sem ég myndi láta Sverri kafna fyrir að borða lunda og ef ég væri í stuði myndi ég kannski hjálpa Helga Björns. Ég á nóg með mín eigin vandamál.

**Í villtu eftirpartýi rakar þú skeggið af Mugison og límir það á skallann á Bubba Morthens. Af hverju?**

**B:** Ég vildi setja hár á Bubba, greiða hárið eins og það var á Egó-tímabilinu og láta hann taka allan Das Kapital og Utangarðsmanna katalóginn með mér. ✓

**F:** Af því að Bubbi bað mig um að redda sér hári og þetta var það sem lá beinast við.

**I:** Af því að svona skegg er náttúrulega löngu dottið úr tisku og þessi skalli reyndar líka.

**L:** Þetta væri ólíkt mér þar sem ég myndi frekar vilja nota skeggið í hreiðurgerð. ✓



■ ■ Ég myndi segja: Don't do this Ronan, this isn't you.





# „Þetta var dritlétt“

Lundinn stendur uppi sem sigurvegar eftir hnífafna og æsispennandi keppni. „Ég er náttúrulega úr Eyjum þannig að ég var alltaf að fara að rústa þessum aumingjum. Reyndar hefði ég frekar verið til í að keppa við Makríl sem er minn verstí óvinur þessa dagana, étandi sandsíli og eitthvað. Það er bara þannig að lundar verða líka að éta. Makrillinn á skilin makleg málagjöld. Annars er ég bara dritspenntur fyrir Þjóðhátíð og þá sérstaklega Dope D.O.D. sem eru búnir að vera í uppáhaldi

hjá mér lengi. Frændi minn flaug nefnilega einu sinni til Hollands og svindlaði sér inn á tónleika hjá þeim, lenti í svakalegu eftirpartíi og fleira sem ég get ekki sagt frá hér. Þið skiljið mig. Ég væri svo feitt til í að koma með fyrir í góðu hreiðri og eignast nokkrar pysjur þannig að ég verð á veiðum á Þjóðhátíð. Passið ykkur. Nei, ég segi svona. Blaz, ekkert þras. Frikki Dór, hringdu í mig þegar þú ert orðinn stór. Ingó, farðu og spilaðu Bingó. Sko, ég feisa alla, só?“ segir Lundinn.

## STIGATAFLA

Lundi	8 stig
Blaz Roca	7 stig
Friðrik Dór	7 stig
Ingó	6 stig





**Tal**


„Nilli, þú þarft ekkert að flýta þér, mamma getur horft í marga klukkutíma á Skype, 10 gígabæt, maður!“



## 10 GB Stærsta 3G net landsins 500 kr.

Tal kynnir til sögunnar niðurhal á stærsta **3G** neti landsins á áður óþekktu verði. Það þýðir að viðskiptavinir **Tals** sem eru með farsíma í áskrift geta gert ótrúlegustu hluti á netinu á ótrúlegustu stöðum. Jafnvel talað við mömmu á Skype í marga klukkutíma. Kynntu þér **10 GB** fyrir **500 krónur** í síma **6-123456** eða á **www.tal.is**.

**Svona á samband að vera.**



■ 3G  
■ 2G

**Tal er á 3G neti Símans**



# Fólkið í Eyjum

Án fólksins í Eyjum væri stemningin á Þjóðhátíð ef til vill ekki eins vinaleg og raun ber vitni. **Monitor** náði tali af nokkrum **paulvönnum Þjóðhátíðarmönnum** sem allir eru sammála um að stemningin í Dalnum sé frábær og að lífið sé yndislegt.

## Snyrtimennskan mikilvæg



### VIKTOR RAGNARSSON

**Aldur:** 39 ára.  
**Starf:** Hársnyrtir.  
**Uppáhaldshljómsveit:** Aerosmith.  
**Uppáhaldslag í öllum heiminum:** Red Red Wine  
**Lífið er...** yndislegt

#### Eru margir sem koma í Þjóðhátíðarklippingu hjá þér?

Já, það er brjáláð að gera vikuna fyrir Þjóðhátíð og hefur verið í þessi 20 ár sem ég hef verið í þessum bransa. Þetta er eitthvað sem hefur fylgt Eyjamönnum, þeir vilja allir vera snyrtilegir á Þjóðhátíð. Það er ekki bara nóg að gera hjá mér heldur á öllum stöðum, bæði snyrtistofum og hárgreiðslustofum. Konan mín rekur snyrtistofu og það er sama sagan þar.

#### Hvernig er Þjóðhátíðarklippingin í ár?

Það er nú engin bein klipping þannig en þetta fer eftir tiskustraumum. Yngri mennirnir eru í svona nettum kambi, stuttum kambi með smá mullet að aftan.

#### Ætlar hjómsveitin Dans á rósum að spila á Þjóðhátíð til æviloka?

Já, ætli það ekki. Við erum ábyggilega búinir að spila svona 14 sinnum. Eitt hlé var það árið 2002 og sú Þjóðhátíð fauk til fjandans og þá var ákveðið að það væri ekki snúðugt að skipta þessu út. Hún hefur ekki fokið síðan.

#### Er þetta alltaf jafnskemmtilegt?

Já, klárlega, þetta er skemmtilegasta gígg sem við tökum. Við erum að spila úti undir berum himni og það er svo mikil hringrás á fólkinu, maður er alltaf að sjá ný andlit. Svo

er auðvitað bara þessi stemning í loftinu sem hefur áhrif á okkur.

#### Hvert er uppáhaldseyjalagið þitt og hvers vegna?

Mér finnst Gamla gatan eftir Oddgeir virkilega skemmtilegt. Það kom út með Óla Gauk og þó að þetta sé Eyjalag þá kom smá rokk í lagið sem mér fannst spennandi.

#### Er eitthvað atvik frá Þjóðhátíð eftirminnilegast?

Atvikin eru nokkuð mörg en eftirminnilegast er þegar við vorum að spila á stóra pallinum. Ég man að við tókum Minningu um Mann og viðbrögðin sem við fengum á móti okkur þegar við tókum viðlagið voru rosaleg. Ég fæ ennþá gæshúð þegar ég hugsa um þetta. Það kunnu allir lagið og sungu með. Lag sem ég er búinn að spila 100 sinnum varð allt í einu svaklegt. Við hættum bara að spila og létum fólkið syngja.

#### Hvað elskar þú mest við Þjóðhátíð?

Hvítu tjöldin

#### Hvaða skilaboð ert þú með fyrir Þjóðhátíðargesti?

Umfram allt, verum góð hvort við annað, berum virðingu fyrir hvort öðru og skemmtum okkur saman.

## Sýður alltaf lunda

Árið 2003 stýrðir þú líkt og nú liði ÍBV í efstu deild karla í knattspyrnu. Má segja að þá hafir þú smitast af Þjóðhátíðarbakteríunni? Já já, þá strax keypti ég mér hvítt tjald og við tókum alla þessa Þjóðhátíðarstemningu frá upphafi til enda og eftir það var aldrei snúið til baka. Við erum búinir að mæta á allar hátíðirnar síðan og alltaf verið með tjald og skemmt okkur konunglega öll fjölskyldan.

#### Hvað ertu að bjóða fólki upp á í hvíta tjaldinu þínu?

Það er bara hitt og þetta bakkelsi sem konan sér aðallega um. Ég sýð reyndar alltaf lunda. Það er sama þó það sé veiðibann og lítið til af lunda þá fæ ég alltaf lunda. Ég sýð hann í fleiri fleiri klukkutíma upp úr malti. Þannig að það er alltaf til lundi í mínu tjaldi fyrir alla fótboltastrákana og fleiri gesti sem kíkja í heimsókn.

#### Hvað mega strákarnir í ÍBV-liðinu fá sér marga á Þjóðhátíð í ár?

Það fer alveg eftir því hvernig fer hjá FH í Evrópukeppninni í kvöld geng sænska liðinu AIK]. Það fer eftir því hvenær leikurinn við FH verður. Það stefnir allt í að leikurinn við FH verði annað hvort á fimmtudegi fyrir Þjóðhátíð eða á sunnudeginum á Þjóðhátíð svo það gæti orðið svolítið strembið því við eigum svo KR á miðvikudeginum eftir Verslunar-

mannahelgi. En vonandi mega þeir fá sér aðeins í tána.

#### Hvert er uppáhaldseyjalagið þitt?

Það er Lífið er yndislegt. Ég kann það best og mér finnst besta stemningin myndast þegar það er spilað.

#### Er eitthvað atvik frá Þjóðhátíð eftirminnilegast?

Það er í raun ekkert atvik sem er eftirminnilegast en það er ákveðið stríð í gangi hjá mér og góðvini mínum. Við spilum alltaf í golf nokkrir saman og ef úrslitin eru honum í hag þá fær hann kynningu til að tilkynna úrslitin. Í fyrra fór hann upp og lét kynningu tilkynna það þegar hans lið vann loksins. Þannig að nokkur þúsund manns fengu að vita að ég hafði tapað í golfi en það gerist ekki oft.

#### Hvað elskar þú mest við Þjóðhátíð?

Stemningin. Allur undirbúningurinn er skemmtilegur og stemningin magnast upp. Hvert kvöld er svo magnað hvert á sinn hátt, brennan, flugeldarnir, brekkusöngurinn og blysin. En það er stemningin sem gerir mest fyrir mig.


#### Hvaða skilaboð ert þú með fyrir Þjóðhátíðargesti?

Koma með bros á vör í Dalinn og hafa gaman af Þjóðhátíð. Það er ekki hægt annað en að skemmta sér því það eru allir glaðir.



### MAGNÚS GYLFASON

**Aldur:** 45 ára.  
**Starf:** Þjálfari.  
**Uppáhaldshljómsveit:** U2  
**Uppáhaldslag í öllum heiminum:** One með U2  
**Lífið er...** yndislegt.



### EYJÓLFUR GUÐJÓNSSON

**Aldur:** 52 ára.  
**Starf:** Skipstjóri.  
**Uppáhaldshljómsveit:** Bítlarnir.  
**Uppáhaldslag í öllum heiminum:** Síðasti dansinn, Þjóðhátíðarlagið 1987.  
**Lífið er...** yndislegt.

## Kynntist konunni á Þjóðhátíð

Þú ert dyggur stuðningsmaður ÍBV. Er það einungis þess vegna sem þú tekur svona virkan þátt í undirbúningnum eða er þetta bara svona gaman? Þetta er gaman og mér finnst skipta miklu máli að leggja íspróttafélaginu lið því lífið væri snautlegt í Eyjum án ÍBV.

#### Hver eru þín helstu hlutverk?

Það er allt mögulegt tilfallandi, ég geng í allt. Ég hef verið við varðeldinn á sunnudeginum í býsna mörg ár og það er ákveðið sælutilfinning sem um mann fer þegar hann hefur heppnast vel og allt er í góðu lagi.

#### Númer hvað verður þessi Þjóðhátíð hjá þér og hversu oft hefur þú lagt hönd á plóginn?

Þetta er Þjóðhátíð númer 50 og ætli ég hafi ekki verið við undirbúning svona um það bil 25 sinnum, ég gæti trúað því.

#### Hvað ertu að bjóða fólki upp á í hvíta tjaldinu þínu?

Það er hefðbundið. Ég bauð auðvitað upp á lunda þegar við máttum veiða hann en svo er það bara bakkelsi og brauð.

#### Hvert er uppáhaldseyjalagið þitt og hvers vegna?

Það er Þjóðhátíðarlagið frá 1987, Síðasti dansinn, af því að á þeirri Þjóðhátíð kynntist ég konunni minni.

#### Er eitthvað atvik frá Þjóðhátíð eftirminnilegast?

Þegar ég kynntist konunni er auðvitað ofarlega í huga en þau eru mörg atvikin svo það er erfið að telja þau upp. Það var eftirminnilegt fyrir einhverjum þremur, fjórum árum síðan þegar flugeldur lenti á tjaldi fyrir neðan okkur og það var hægt að forða stórslysi, sem betur fer.

#### Hvað elskar þú mest við Þjóðhátíð?

Ég elska Þjóðhátíðina frá A til Ó en af því að maður kemur að undirbúningi og er í kringum þetta þá elskar maður mest þegar þetta klárast og þetta hefur allt heppnast vel og farið slýsalaust fram.

#### Hvaða skilaboð ert þú með fyrir Þjóðhátíðargesti?

Elskið hvern annan og njótið þess að vera til.



# Logandi gott



Brjóttu upp daginn með Kit Kat





# Ævintýraleg bátsferð og allskonar vitleysa

Allir þessir helstu eru að fara á Þjóðhátíð í ár og Monitor tók púlsinn á þremur eituhressum Þjóðhátíðarformum.

## Heldur upp á afmælið á Þjóðhátíð

Íris Björk Björnsdóttir, hönnunarnemi:

### Hversu oft hefur þú farið á Þjóðhátíð?

Ég fór í fyrsta skiptið árið 2008 og svo tvö ár í röð eftir það. Svo fór ég reyndar ekki í fyrra, en tók smá skyndiákvörðun og er að skella mér núna, þannig að þetta verður mitt fjórða skipti.

### Hversu mikill Þjóðhátíðarreynslubolti myndir þú segja að þú værir á skalanum 1-10?

Ég get nú því miður ekki sagt að ég sé neinn brjálaður reynslubolti. Það er náttúrulega fólk þarna sem hefur farið á hverju ári alla sína ævi þannig að ég kannski rétt slefa upp í sjö.

### Hvar ætlar þú að gista?

Ég verð í garðinum hjá systur vinkonu minnar sem býr í Eyjum. Hún er örugglega mesti Þjóðhátíðarreynslubolti sem ég hef nokkurn tímann kynnst svo við verðum í mjög góðum höndum.

### Hvers gætir þú ekki verið án á Þjóðhátíð og af hverju?

Ég held að ég myndi aldrei fara á Þjóðhátíð án þess að hafa einhvers

konar hús eða aðstöðu til afnota. Veit ekki hversu margar sögur ég hef heyrt af fólki sem lendir í brjálaðu veðri, týnir öllu dótinu sínu og endar með því að flýja heim. Það er alveg þvilíkur munur að geta geymt dótið sitt á öruggum stað, komist í sturtu og sett ullarsokkana á ofninn þegar maður kemur heim blautur í lappirnar.

### Hver er eftirminnilegasta Þjóðhátíðin sem þú hefur farið á og af hverju?

Ég var ekkert allt of spennt fyrir Þjóðhátíð áður en ég fór fyrst og var því engan veginn að búast við miklu en þegar ég kom labbandi inn í dalinn í fyrsta skiptið mitt var það alveg mögnuð tilfinning. Mannmorgin, hvítu tjöldin og stóra sviðið. Þetta var allt öðruvísi en ég hafði búist við svo ég held að það sé eftirminnilegast. Svo hef ég líka gert allskonar vitleysu á Þjóðhátíð sem gleymist seint!

### Hvert er besta Þjóðhátíðarlag allra tíma og af hverju?

Er það ekki það sama hjá öllum? Lífið er yndislegt!

### Hvert er versta Þjóðhátíðarlag allra tíma og af hverju?

Þegar ég heyrði Eyjan mín með honum Bubba árið 2009 fannst mér það alveg glatað en svo þegar maður heyrir þetta aftur og aftur sitjandi í brekkunni með fullt af fólki syngjandi hástöfum myndast alltaf einhver svaka stemming og undir lokin var ég bara farin að fíla það í tætlur!

### Hvaða lag myndir þú syngja ef þú kæmist upp á svið á sunnudagskvöldinu og af hverju?


Þar sem að sönghæfileikar mínir eru vægast sagt takmarkaðir og ég hef lítinn áhuga á að eyðileggja stemminguna fyrir öðrum held ég að ég myndi bara hvetja brekkuna til að syngja fyrir mig afmælissönginn þar sem það vill nú oftast hitta þannig á að ég eigi afmæli um Verzlunarmannahelgina.

### Hvort myndir þú frekar vilja missa af Þjóðhátíð eða kyssa alla á Þjóðhátíð?

Ég er sjúk í kossa og þar sem ég mun eiga afmæli á laugardeginum myndi ég bjóða öllum að kyssa mig!



Ljósmynd/Styrmir Kári



## Fátt toppar Herjólfssdalinn í allri sinni dýrð

Örn Rúnar Magnússon, ritari:

### Hversu oft hefur þú farið á Þjóðhátíð?

Ég hef gert mér ferð á Þjóðhátíð tvisvar sinnum, árin 2009 og 2010.

### Hversu mikill Þjóðhátíðarreynslubolti myndir þú segja að þú værir á skalanum 1-10?

Ætli ég gefi mér ekki 7 því það er bara svo falleg tala.

### Hvar ætlar þú að gista?

Ég hafði áætlað að halla mínu höfði í tjaldi í garði ekki langt frá golfvöllinum. Það er aldrei að vita nema maður skelli sér 9 holur með félögunum ef vel

viðrar í Eyjum þetta árið.

### Hvers gætir þú ekki verið án á Þjóðhátíð og af hverju?

Það er þessi týpíska klisja að það er ekki hægt að skemmta sér vel án góðra vina og svo má ekki gleyma því að Bubbi nokkur Morthens og Hreimur eru mikilvægir hlekkir í Þjóðhátíðar prógramminu.

### Hver er eftirminnilegasta Þjóðhátíðin sem þú hefur farið á og af hverju?

Ég verð að sjálfsgöngu að segja mín fyrsta árið 2009. Það er eitthvað sérstakt við fyrstu upplifun á Þjóðhátíð, að sjá

blysin og Herjólfssdalinn í allri sinni dýrð. Það er fátt sem toppar það.

### Hvert er besta Þjóðhátíðarlag allra tíma og af hverju?

Vínátta með Hreimi og Lundakvartettinum. Það er bara eitthvað við þetta lag sem fær mann til að líða svo hrikalega vel.

### Hvert er versta Þjóðhátíðarlag allra tíma og af hverju?

Eftir að hafa flett í gegnum lagalistann þá komst ég að þeirri niðurstöðu að slakasta Þjóðhátíðarlag allra tíma er Ástfanginn í þér með Hrund

Ósk frá árinu 2006. Hún fær ekki M í Mogganum frá mér fyrir þann flutning.

### Hvaða lag myndir þú syngja ef þú kæmist upp á svið á sunnudagskvöldinu og af hverju?

Eftir að hafa lagt höfuðið í bleyti þá er ég nokkuð viss um það að það myndi kynda vel í brekkunni ef ég tæki lagið Myndir með Skítamóral.

### Hvort myndir þú frekar vilja missa af Þjóðhátíð eða kyssa alla á Þjóðhátíð?

Ég held ég yrði að setja pass á Þjóðhátíðina það árið.

## Tók bátinn með Bubba og félögum

Hallveig Ólafsdóttir, hagfræðinemi:

### Hversu oft hefur þú farið á Þjóðhátíð?

Fimm sinnum.

### Hversu mikill Þjóðhátíðarreynslubolti myndir þú segja að þú værir á skalanum 1-10?

Ég myndi segja 5, einn fyrir hvert ár.

### Hvar ætlar þú að gista?

Tjalda í garði, það er langbest!

### Hvers gætir þú ekki verið án á Þjóðhátíð og af hverju?

Handspritt er mjög hentugt og vinsælt í brekkunni.

### Hver er eftirminnilegasta Þjóðhátíðin sem þú hefur farið á og af hverju?

Það er Þjóðhátíð 2008. Þá fórum við

vinkonurnar í sjö klukkustunda langa bátsferð á mánudagsmorgninum til að ná útskriftaferðinni okkar á þriðjudegi. Veðrið var ömurlegt á sunnudeginum, það var ekki hægt að fljúga og spáin var ekki sú besta á mánudeginum. Þá var komið smá stress í hópinn. Á mánudagsmorgun náðum við á koma okkur í einhvern spaðabát þar sem áhöfnin innihélt meðal annars Bubba Morthens og útvarpsstjórnann. Báturinn fór af stað um sjöleitið á mánudagsmorgun og um ellefuleytið lenti Bubbi í „lífsháska“ og datt næstum því í sjóinn. Við vorum ferjaðar á land um tvöleitið og á þeirri stundu þegar við vorum að kyssa ströndina, sáttar með að vera komnar á meginlandið, var byrjað að fljúga yfir á Bakka.

### Hvert er besta Þjóðhátíðarlag allra tíma og af hverju?

Eyjan mín með Bubba, það svo gaman að rokka í brekkunni við lagið.

### Hvert er versta Þjóðhátíðarlag allra tíma og af hverju?

KK lagið er fallegt en kannski ekki gott til að koma manni í gírinn í Dalnum.

### Hvaða lag myndir þú syngja ef þú kæmist upp á svið á sunnudagskvöldinu og af hverju?

Án þín með Trúbrot því það er svo fallegt.

### Hvort myndir þú frekar vilja missa af Þjóðhátíð eða kyssa alla á Þjóðhátíð?

Kyssa alla á Þjóðhátíð, aftur.



Ljósmynd/Eggert





**DÚNDRANDI  
GOTT SNAIK!**





ÞESSI HÓPUR SÉRHÆFIR SIG Í  
FJÖLBREYTTUM HANDAMERKJUM

ÞAÐ ER ÖMURLEGT AÐ HORFA Á  
FLUGELDASÝNINGU... NOT  
JÓN PÁLL SKEMMTIR ÁRIÐ 1988



GRÁTT TJALD, GRÁ PEYSA VAR  
MOTTÓIÐ HJÁ ÞESSUM DROTTNINGUM  
Á STOKK 2006



EYJAN MÍN FAGRA GRÆNA  
SÖNG BUBBI ÁRIÐ 2009



ÞAÐ ÞYKIR MJÖG SJÁLFSAGT  
Í EYJUM AÐ DEITA TRÚÐ

# Dalurinn er

Það getur verið ansi erfitt að lýsa fyrir einhverjum stemningunni sem myndast á **Þjóðhátíð** en þessar myndir ættu að gefa óreyndum einhverja hugmynd um gleðina í **Dalnum**

Myndir: Óskar Pétur Friðriksson og Kristinn Pálsson, Vestmannaeyjum.



ÞESSAR FÖNGULEGUR MEYJAR  
BJÖRGUÐU 300 MANNS FRÁ DRUKKNUN



HEYRÐU ELSKU MAMMA  
Í KVÖLD MUN ÉG DJAMMA



138 BLYS VERÐA TENDRUÐ Í ÁR ÞVÍ ÞAÐ  
VERÐUR 138. ÞJÓÐHÁTÍÐIN Í VESTMANNAEYJUM  
ÞJÓÐHÁTÍÐ OG ÍSLENSKA FÁANUM



ÞESSIR BERA VIRÐINGU FYRIR  
ÞJÓÐHÁTÍÐ OG ÍSLENSKA FÁANUM





ÞAÐ ÞÓTTI BARA ALLT Í LAGI ÁRIÐ 1986  
AÐ SKREYTA SVIDIÐ MEÐ KOLKRABBA  
1988 SEM ÞÁ VAR MUN LÆGRA EN NÚ ER



ÁÐUR FYRR SKIPTUST ÞÓR OG  
TÝR Á AÐ HALDA ÞJÓÐHÁTIÐ



SPURNING HVERNIG ÞESSUM  
VÆRI TEKIÐ Á OKTOBERFEST

# dásamlegur



ÞESSAR TÓKU ÁKVÖRDUN UM AÐ VERA  
BARA ALGJÖRAR SKVÍSUR Í DALNUM



ÖRUGGLEGA VERSTA MARTRÖÐ MARGRA  
AÐ VAKNA VIÐ HLIÐINA Á ÞESSUM GAURUM



ALDUR SKIPTIR ENGU  
MÁLI Á ÞJÓÐHÁTIÐ



DULARFULLA STÚLKAN,  
ARNA HLÍN OG DÓRA KRISTÍN




GAURINN FYRIR AFTAN  
DULARFULLU STÚLKUNA



Með Clean and Clear verður húðin hrein, falleg og lýtalaus. Húðsnyrtivörur sem hreinsa burt öll óhreinindi, fílápensla og bólur. 100% notenda sjá mun eftir aðeins einn dag.

Fjórar línur eru sérsniðnar fyrir ólíkar húðgerðir og vandamál. Finndu lausnina sem hentar þinni húð.

Finndu okkur á Facebook  
Clean&Clear Iceland



Prófað af  
húðlæknum



Morning Energy™  
Shine Control  
falleg húð allan daginn



Truly Gentle  
fer mjúkum höndum  
um viðkvæma húð



Clean and Clear  
fyrirbyggjandi fyrir  
óhreina húð



Blackhead Clearing  
burt með bólur  
og fílápensla!



# Dagskrá Þjóðhátíðar 2012

Brúðubíllinn, brennan og hjartaknúsarinn úr Boyzone. Að vanda er nóg um að vera á Þjóðhátíð í Eyjum svo það er um að gera að kynna sér dagskrána vel til að missa ekki af fjörinu.

## föstudagur 3 ágúst

### 14:30 SETNING ÞJÓÐHÁTÍÐAR

- Þjóðhátíðin sett: Jóhann Pétursson
- Hátíðarræða: Kristinn R. Ólafsson
- Hugvekja: Sr. Guðmundur Örn Jónsson
- Kór Landakirkju
- Lúðrasveit Vestmannaeyja
- Bjargsig

### 15:00 BARNADAGSKRÁ

- Frjálsar íþróttir, Ungmennafélagið Óðinn
- Fimleikafélagið Rán
- Brúðubíllinn
- Söngvakeppni barna, Dans á rósum

### 20:30 KVÖLDVAKA

### 20:30 PATRICK OG SINDRI GUÐJÓNS

### 20:45 LEIKFÉLAG VESTMANNAEYJA

### 21:00 MAGNÚS & JÓHANN

### 21:30 MUGISON

### 21:50 FJALLABRÆÐUR FRUMFLUTNINGUR ÞJÓÐHÁTÍÐARLAGS

### 22:15 HJÁLMAR

### 23:15 JÓN JÓNSSON

### 00:00 BRENNA Á FJÓSAKLETTI

### 00:15 DANSLEIKIR

- Brekkusvið: Ham, Retrobot, Friðrik Dór, Blaz Roca og Ingó og Veðurguðirnir
- Tjarnarsvið: Klaufar og Dans á rósum

## laugardagur 4 ágúst

### 10:00 LÉTT LÖG Í DALNUM

### 14:30 BARNADAGSKRÁ

- Brúðubíllinn
- Söngvakeppni barna, Dans á rósum
- Pollapönk
- Barnaball heldur áfram

### 20:30 TÓNLEIKAR Á BREKKUSVIÐI.

### 20:30 VICKY

### 21:00 BLÍTT OG LÉTT

### 21:30 MUGISON (ÁSAMT HLJÓMSVEIT)

### 22:10 BUFF & GESTIR

### BUBBI MORTHENS

### EYÞÓR INGI

### BJÖRGVIN HALLDÓRS

### HELGI BJÖRNS

### 00:00 FLUGELDASÝNING.

### 00:15 DOPE DOD

### 01:30 DANSLEIKIR

- Brekkusvið: Blár Ópal, Úlfur Úlfur og Buff
- Tjarnarsvið: Klaufar, Dans á rósum

## sunnudagur 5 ágúst

### 10:00 LÉTT LÖG Í DALNUM

### 14:30 BARNADAGSKRÁ

- Páll Óskar
- Lalli Töframaður
- Leikfélag Vestmannaeyja

### 20:30 KVÖLDVAKA Á BREKKUSVIÐI

### 20:30 DANS Á RÓSUM

### 20:45 SIGURVEGARAR Í SÖNVAKEPPNI BARNNA

### 21:00 PÁLL ÓSKAR

### 21:25 INGÓ VEÐURGUÐ

### 21:50 RONAN KEATING

### 23:20 BREKKUSÖNGUR

### 00:00 DANSLEIKIR

- Brekkusvið: Botnleðja, Ingó og Veðurguðirnir og Páll Óskar
- Tjarnarsvið: Dans á rósum, Klaufar

### FRAM OG TIL BAKA

Hægt er að komast til Eyja á sunnudegi með Herjólf klukkan 16:00 eða 19:00 og aftur heim um nóttina klukkan 02:00 eða 04:00 og því hægt að njóta sunnudagskvöldsins í Eyjum án þess að þurfa gistingu. Verð fyrir miða í Dalinn og ferð fram og til baka með Herjólf er 11.900 krónur. Ferðirnar kaupir þú inn á [dalurinn.is](http://dalurinn.is). Eina sem þarf er réttur klæðnaður og góða skapið.





## iPhone 4

Hágæða snjallsími með endalaust marga fídusa til að gleðja þig og þína vini í útilegunni.

---

**89.990 kr.**

---



## Samsung Galaxy SIII

Sá nýjasti og flottasti frá Samsung sem hentar ótrúlega vel fyrir alla þína afþreyingu. Einstök vinnslugeta skilar þér snöggum snjallsíma með stórum og björtum skjá.

---

**119.990 kr.**

---



## Ferðafélagar á frábæru tilboði hjá Vodafone

Þessum ferðafélögum fylgir Partýpassi frá Tónlist.is og 30 daga NetFrelsi SkjásEins.

**Þín ánægja er okkar markmið**

## HTC One V

Með þessum flotta skjá og einstökum hljómgæðum getur þú haldið uppi stuðinu í útilegunni.

---

**54.990 kr.**

---





Ef það verður bongóblíða...

**HAWAII BANDIÐ:**  
ALLTAF VIRKILEGA  
SKEMMTILEGT TIL  
ÞESS AÐ POPPA  
AÐEINS UPP  
STEMMINGUNA.  
SÉRSTAKLEGA  
EF ÞAÐ ER SÓL.



**BOLURINN:** MIKILVÆGT  
AÐ VERA Í ÞÆGINLEGUM  
FÖTUM YFIR DAGINN  
ÞESSVEGNA FINNST  
MÉR ÞESSI HVÍTI  
VÍÐI BOLUR ÚR H&M  
VIRKILEGA HENTUGUR  
Í SVONA ÚTILEGUM.

# Hawaii-bandið poppar upp stemninguna

**Anna Björk Hilmarsdóttir** er að fara á **Þjóðhátíð** í fyrsta skipti en er sérfræðingur í útilegum. **Stíllinn** fékk Önnu til að sýna þrjú dress sem henta í mismunandi veðri enda þarf að vera við öllu búinn á Þjóðhátíð.

**Hvert er uppáhaldsþjóðhátíðarlagið þitt?**

Ég er nú svo afskaplega mikið Páls Óskars fan að ég bara hreinlega verð að segja La Dolce Vita.

**Hvaða hlut er mikilvægast að hafa með á Þjóðhátíð?**

Nú er ég að fara í fyrsta skipti svo ég þekki það ekki alveg en ef ég hugsa út frá útileigum sem ég hef farið í þá eru vettlingarnir algjört möst og auðvitað verður maður að muna að taka góða skapið með sér.

**Hvað hefur þú farið oft á Þjóðhátíð?**

Gamla er að fara í fyrsta skipti í ár og er hrikalega spennt.

**Hverju ertu spenntust fyrir á Þjóðhátíð í ár?**

Það er eiginlega tvennt. Annars vegar þegar Sverrir

Bergmann og Fjallabræður taka lagið og svo þegar Lífið er yndislegt verður flutt á sunnudeginum.

**Hvort er málið að tjalda í dalnum eða leigja íbúð?**

Ég held að málið sé að leigja íbúð, snilld að geta sofnið í rúmi og svo er virkilega mikilvægt að komast í sturtu.

**Hvað munt þú leggja áherslu á þegar þú pakkar fyrir Þjóðhátíð?**

Góð útiföt og gönguskór. Svo verður maður nú að muna að pakka góða skapinu með!

**Hvern ert þú spenntust fyrir að sjá á Þjóðhátíð?**

Fjallabræður, mér finnst lagið þeirra algjört snilld. Svo hlakka ég líka einstaklega mikið til að sjá Pál Óskar, alltaf jafn gaman að horfa á hann koma fram.

Ef það verður rigning...



**REGNSTAKKURINN:**  
66°NORÐUR  
REGNSTAKKURINN  
ER GRÍÐARLEGA  
MIKILVÆGUR EF ÞAÐ  
BYRJAR AÐ RIGNA.  
KEYPTI ÞENNAN  
EINMITT BARA NÚNA  
Í NOVA UM DAGINN  
SÉRSTAKLEGA  
FYRIR ÞJÓÐHÁTÍÐ.

**STÍGVÉLIN:**  
ÞESSI STÍGVÉL  
KEYPTI ÉG ÞEGAR  
ÉG VAR Í 8. BEKK  
OG ÞAU ERU AÐ  
KOMA STERK INN  
NÚNA. NÝTTI MÉR  
ÞAU EINMITT LÍKA  
Á MÝRARBOLTANUM  
Í FYRRA.

Ef það verður gott veður...



**GALLAVESTIÐ:** ÞETTA ER SKEMMTILEG  
VIÐBÓT VIÐ ÞETTA KLASSÍSKA  
LOPAPEYSUDRESS. HEF VERIÐ AÐ  
NOTA ÞAÐ GRIMMT Í  
ÚTILEIGUNUM Í SUMAR.

**PELINN:** ÞESSI HEFUR  
REYNST MÉR VEL Í ÚTILEGUM  
HINGAÐ TIL ÞANNIG ÉG TEL  
HANN EINNIG AFAR  
MIKILVÆGAN Á ÞJÓÐHÁTÍÐ.



Ef það verður bongóblíða...

# Port-galinn á Hróa

**Guðmundur Helgason** sálfræðinemi hefur farið þrisvar sinnum á **Þjóðhátíð** og er því reynslubolti þegar kemur að því að klæða sig fyrir helgina. **Stíllinn** fékk Gumma til að sýna lesendum hvernig skal klæða sig eftir veðri.

**Hvert er uppáhalds þjóðhátíðarlagið þitt?**  
Ég myndi segja „Þú veist hvað ég meina mæri“.

**Hvaða hlut er mikilvægast að hafa með á þjóðhátíð?**  
Góða skapið!

**Hvað hefur þú farið oft á þjóðhátíð?**  
Þrisvar sinnum.

**Hverju ertu spenntastur fyrir á þjóðhátíð í ár?**  
Hvítu tjöldunum, portinu á Hróa, brennunni-blysunum-flugeldum og líka nýja þjóðhátíðarlaginu. Barkinn á Sverri Bergmann hefur aldrei svikið nokkurn mann.

**Hvort er málið að tjalda í dalnum eða leigja íbúð?**  
Alltaf tjald í dalnum. That's where it's at!

**Hvað munt þú leggja áherslu á þegar þú pakkar fyrir þjóðhátíð?**  
Ég set nú engar sérstakar áherslur þegar ég pakka.

**Hvern ert þú spenntastur að sjá á þjóðhátíð?**  
Ronan Keating, ekki spurning.



**GALLASKYRТА:**  
SUMARSTÖFFIÐ, H&M.

**BOLUR:** MIKIÐ  
UPPÁHALD,  
MIKKI MÚS  
ÚR H&M.

**GÍTARINN:**  
LÆRÐU JOHN  
MAYER COVERIÐ  
AF FREE FALLIN'  
ÞÁ ERTU  
MÆÐURINN.

**KVARTBUXUR:**  
REYNA AÐ  
NÁ ÖLLU  
MÖGULEGU  
TANI.

Ef það rignir...



**PELI:** MAMMA  
HAFÐI GREINILEGA  
ÁHYGGJUR AF  
ÞVÍ AÐ ÉG MYNDI  
TÝNA PELANUM  
MÍNUM ÞANNIG  
HÚN PRJÓNAÐI  
ÞETTA FYRIR MIG.

**POLLAGALLINN:**  
ENGINN ER NÚ VERRI  
ÞÓ HANN VOTNI,  
EN SAMT FÍNT  
AÐ VERA ÞURR.

**GÖNGUSKÓR:** FÍNT AÐ  
VERA Í GÓÐUM  
GÖNGUSKÓM  
ÞEGAR BREKKAN  
FER TIL FJANDANS  
Á SUNNUDEGINUM.

Ef það er gott veður...



**PÍPAN:** MJÖG HENTUG  
EF ÞÚ VILT VIRÐAST  
TRÚVERÐUGUR  
EÐA ERT AÐ SEGJA  
MIKILVÆGA SÖGU.

**FLÍSPEYSA:**  
BESTA FLÍK Í HEIMI,  
66° NORÐUR  
FLÍSPEYSA.

**FYRIRLIÐABANDIÐ:**  
ÞAÐ ER BARA MIKILVÆGT  
AÐ HÁFA EINN MANN  
Í BRÚNNI. HALDA  
ÖLLUM HRESSUM  
OG KÁTUM.

**ULLARPEYSA:**  
UPPÁHALDIÐ,  
EINNIG FRÁ MÓÐUR.



# Öll þessi helstu

Vertu með helstu **Eyjalögin á hreinu.**

Það er vandræðalegt að syngja ekki með.

## Vínátta 2002

Ég legg upp í ferðalag,  
á nýjan og framandi stað  
vonandi verður þú þar.

Það er dularfull ágústrótt  
ég horfi á allt þetta fólk  
ólýsanleg vínátta.

Ég loka augunum,  
þú færir þig nær  
og ég finn hvernig hjartað slær.

og ég finn hvernig hjartað slær.

Á þjóðhátíð, þar hitti ég þig  
og held þér fast í örmum mér  
Á þjóðhátíð (x4)

Á þjóðhátíð

Það leynir sér ei hvar ég er,  
ég sit hér við hliðin'á þér  
og er ekki með sjálfum mér.

Það er dularfull ágústrótt  
ég horfi á allt þetta fólk  
ólýsanleg vínátta.

Ég loka augunum,  
þú færir þig nær  
og ég finn hvernig hjartað slær.

Á þjóðhátíð, þar hitti ég þig

og held þér fast í örmum mér

Am D

Á þjóðhátíð (x4)

Lag og Texti: Hreimur Örn  
Heimisson og Lundakvartettinn

## La Dolce Vita 2011

Nú er ég búinn að gera mig sætan, sjóðheitur ég verð að mæt' og upplifa La Dolce Vita  
Nú er ég búinn að reima skóna, til að dans' í nótt við töfratóna í La Dolce Vita

Aha ég segi það satt hef unnið of mikið svo ég á það skilið  
að gleyma mér aðeins og bílast í friði með bjúfífu líði  
En röðin er löng og dalurinn hlaðinn ég mæti á staðinn  
því þegar ég dansa er eins og ég svifi ég er á lífi

Nú er ég búinn að gera mig sætan, sjóðheitur ég verð að mæt' og upplifa La Dolce Vita  
Nú er ég búinn að reima skóna, til að dans' í nótt við töfratóna í La Dolce Vita

Svo hvað viltu sjá? Og hvað viltu heyra? Má bjóða þér meira?  
Að standa og þegja er ömurleg iðja þú þarft að biðja  
Ég veit hvað ég vil og næ líka í það ég nenni ekki að biða  
í dag vil ég dansa og nú kemur bassinn hrist' á þér rassinn

Nú er ég búinn að gera mig sætan...

Trúa, treysta, þar' á það besta.  
Trúa, treysta, þar' á það besta.

Nú er ég búinn að gera mig sætan... x3

Lag: Trausti Haraldsson  
Texti: Páll Óskar Hjálmtýsson

## Ég veit þú kemur 2002

Ég veit þú kemur í kvöld til mín,  
þú kveðjan væri stutt í gær,  
ég trúi ekki á orðin þín  
ef annað segja stjórnur tvær.

Og þá mun allt verða eins og var,  
sko, áður en þú veist, þú veist,  
og þetta eina sem út af bar  
okkar á milli í friði leyst.

Og seinna þegar tunglið  
hefur tölt um langan veg,  
þá tölum við um drauminn  
sem við elskum þú og ég.

Ég veit þú kemur í kvöld til mín,  
þú kveðjan væri stutt í gær,  
ég trúi ekki á orðin þín  
ef annað segja stjórnur tvær  
ef annað segja stjórnur tvær

Lag: Oddgeir Kristjánsson  
Texti: Ási í Bæ  
Flytjandi: Eivör Pálsdóttir

## Í Vestmannaeyjum 2000

Ég horfi út í himinbláa nóttina  
í Herjólfssdal og reyni að finna þig  
Brekkan mín og Heimaklettur heilsa mér  
Hátíðin er hafin enn á ný.

Í tjaldi þar sem enginn sér,  
er gott að eiga nótt með þér  
og á morgun mun ég

Vakna upp í Vestmannaeyjum

Við vegamót hins andlega seims

Í fullum dal af finum þeyjum  
og fallegustu konum heims

Fjósaklettur logar, bálið brennur  
í brekkunni ég syng á nýrri öld

Ástin kveikir eld í ungum hjörtum  
Ævintýrþráin tekur völd

Í tjaldi þar sem enginn sér,  
er gott að eiga nótt með þér  
og á morgun mun ég

(Viðlag)

að skemmta sér á  
Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum  
Ég hef aldrei vitað annað eins  
Í fullum dal af finum þeyjum  
og fallegustu konum heims

Sunnudagskvöld og síðasti dansinn stigin  
Söngur og gleði óma dalnum í

Eyjan mín ég yfirgef þig brátt  
Að ári mun ég hitta þig á ný

Í mánuði og vikur margar bið  
En mig mun aldrei vanta á þjóðhátíð

að ári mun ég

(Viðlag)

að skemmta sér á  
Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum  
Ég hef aldrei vitað annað eins  
Í fullum dal af flottum þeyjum  
og fallegustu konum heims

að ári mun ég

(Viðlag)

A D E A D E A

Lag og Texti: Heimir Eyvindarson



### Lífið er yndislegt 2001

Bm G Bm G

Bm G D A  
Á þessu ferðalagi fylgjumst við að.

Bm G D A  
Við eigum örlítinn vonarneista fyrir hvort annað.

Bm G D A  
Í ljósu mánaskini vel ég mér stund og segi:

Bm G D A  
Ég myndi klífa hæstu hæðir fyrir þig.

G A  
Ég væri ekkert án þín, myrkið hverfur því að...

D A  
Lífið er yndislegt, sjáðu,

Bm G  
það er rétt að byrja hér.

D A C  
Lífið er yndislegt með þér.

Bm G D A  
Blikandi stjörnur skína himninum á.

Bm G D A  
Hún svarar, ég trúir varla því augu mín sjá

Bm G D A  
og segir ég gef þér hjarta mitt þá skilyrðislaust

Bm G D A  
Ég veit að þú myndir klífa hæstu hæðir fyrir mig

G A  
Ég væri ekkert án þín, myrkið hverfur því að...

D A  
Lífið er yndislegt, sjáðu,

Bm G  
það er rétt að byrja hér.

D A C  
Lífið er yndislegt með þér.

Bm G D A  
Lífið er yndislegt, sjáðu,

Bm G  
það er rétt að byrja hér.

D A C  
Lífið er yndislegt með þér.

D A  
Lífið er yndislegt, sjáðu,

Bm G  
það er rétt að byrja hér.

D A C  
Lífið er yndislegt með þér.

C G B C  
Nóttin hún færast nær, hér við eigum að vera.

D  
núna ekkert okkur stöðvað fær

D  
undir stjörnusalum, inni Herjólfssalum.

D A  
Lífið er yndislegt, sjáðu,

Bm G  
það er rétt að byrja hér.

D A C  
Lífið er yndislegt með þér.

Bm G D A  
Lífið er yndislegt, sjáðu,

Bm G  
það er rétt að byrja hér.

D A C  
Lífið er yndislegt með þér.

D A  
Lífið er yndislegt, sjáðu,

Bm G  
það er rétt að byrja hér.

D A C  
Lífið er yndislegt með þér.

Lag og texti: Hreimur Örn Heimisson.

### Útihátíð 1986

Am Dm  
Þið sem komuð hér í kvöld

C G Am  
(vonandi skemmtið ykkur vel)

Am Dm  
Ég veit þið höfðuð með ykkur tjöld

C G Am  
(drekkið ykkur ekki í hel)

Am Dm  
Þið komuð ekki til að sofa

C G Am  
(í tjaldi verðið ekki ein)

Am Dm  
fjóri skal ég ykkur lofa

C G Am  
(dauður bak við næsta stein).

Am Dm  
Upp á palli, inn í tjaldi, úti fljóti

C G Am  
vonandi skemmtið ykkur vel.

Am Dm  
Illu drukkin, inni skógi, hvar er tjaldið,

C G Am  
vonandi skemmtið ykkur vel.

Am Dm  
Þetta er söngur til þín og mín

C G Am  
(þú mátt alveg syngja með)

Am Dm  
okkar sem drekkum eins og svín

C G Am  
(svo fljóti út um eyru og nef).

Am Dm  
Upp á palli, inn í tjaldi, úti fljóti

C G Am  
vonandi skemmtið ykkur vel.

Am Dm  
Illu drukkin, inni skógi, hvar er tjaldið,

C G Am  
vonandi skemmtið ykkur vel.

Am Dm  
Þetta er söngur til þín og mín

C G Am  
(þú mátt alveg syngja með)

Am Dm  
okkar sem drekkum eins og svín

C G Am  
(svo fljóti út um eyru og nef).

Am Dm  
Upp á palli, inn í tjaldi, úti fljóti

C G Am  
vonandi skemmtið ykkur vel.

Am Dm  
Illu drukkin, inni skógi, hvar er tjaldið,

C G Am  
vonandi skemmtið ykkur vel.

Lag: Sveinbjörn Grétarsson og Kristján Viðar Haraldsson

Texti: Greifarnir

### Þú veist hvað ég meina mæ 1997

C F  
Þú veist hvað ég meina mæ

Am D  
munarblossar ginna

Dm F  
Komdu þar sem freisting fær

Dm G C F C F  
fylling vona sinna

C G  
Hljótt í vestri kveður kvöld

Dm Am  
kvikna eldar nætur

C G  
Táp og kæti taka völd

Dm Am  
titra hjartarætur

F C  
Dalsins lífi greiðum gjöld

F C  
gleðin sanna lokkar

Dm Am  
Bráin vaknar þúsundföld

Dm G  
þessi nótt er okkar

C F  
Þú veist hvað ég meina mæ

Am D  
munarblossar ginna

Dm Am  
Komdu þar sem freisting fær

Dm G C F C F  
fylling vona sinna

C F  
Þú veist hvað ég meina mæ

Am D  
munarblossar ginna

Dm Am  
Komdu þar sem freisting fær

Dm G C F C F  
fylling vona sinna

C F  
Þú veist hvað ég meina mæ

Am D  
munarblossar ginna

Dm Am  
Komdu þar sem freisting fær

Dm G C F C F  
fylling vona sinna

C G  
Meðan nóttin framhá fer

Dm Am  
Fljóðið ástarblíða

C G  
Inn í tjaldi trúðu mér

Dm Am  
tækifærin bíða

F C  
Vinnu ástarheiði hér

F C  
hjörtun látum mætast

Dm Am  
Enginn veit og enginn sér

Dm G  
okkar drauma rætast

C F  
Þú veist hvað ég meina mæ

Am D  
munarblossar ginna

Dm Am  
Komdu þar sem freisting fær

Dm G C F C F  
fylling vona sinna

C F  
Þú veist hvað ég meina mæ

Am D  
munarblossar ginna

Dm Am  
Komdu þar sem freisting fær

Dm G C F C F  
fylling vona sinna

C F  
Þú veist hvað ég meina mæ

Am D  
munarblossar ginna

Dm Am  
Komdu þar sem freisting fær

Dm G C F C F  
fylling vona sinna

C G F C G Dm Am F  
Þú veist hvað ég meina mæ

F C  
Dalsins lífi greiðum gjöld

F C  
gleðin sanna lokkar

Dm Am  
Bráin vaknar þúsundföld

Dm G G  
þessi nótt er okkar...

D G  
Þú veist hvað ég meina mæ

Bm E  
munarblossar ginna

Em Bm  
Komdu þar sem freisting fær

Em A G  
fylling vona sinna

D G  
Þú veist hvað ég meina mæ

Bm E  
munarblossar ginna

Em G  
Komdu þar sem freisting fær

Em A D Bm Em A D  
fylling vona sinna

Lag: Sigurjón Ingólfsson

Texti: Guðjón Weihe

Flytjandi: Skítamóráll





ÍSLENSKA  
**HAMB  
 ORGARA  
 FABRIK  
 KAN**  
 2010

"ÚTI Í EYJUM  
 BJÓ EINAR KALDI  
 ER HANN HÉR ENN?"  
 - Stuðmenn -

"LÍFIÐ ER YNDISLEGT, SJÁÐU,  
 ÞAÐ ER RÉTT AÐ BYRJA HÉR."  
 - Heimur -



FABRIKKAN  
 Á **ÞJÓÐHÁTÍÐ** Á  
 FABRIKKUNNI



FABRIKKUGRILLBÍLLINN VERÐUR Í DALNUM ALLA ÞJÓÐHÁTÍÐARHELGINA.  
 SIMMI & JÓI STANDA VAKTINA OG GRILLA FABRIKKUBORGARA ÁSAMT  
 LANDSLIÐI GRILLARA FRÁ FABRIKKUNNI

**ÞJÓÐHÁTÍÐARSTEMNINGIN Á FABRIKKUNNI**

HAMBORGARAFABRIKKAN HITAR UPP FYRIR ÞJÓÐHÁTÍÐ MEÐ LIFANDI TÓNLIST.  
 5 Í FÖTU Á FRÁBÆRU VERÐI OG VIÐ SKUTLUM FRÍTT Í BÆINN.



Fim. 26. júlí  
**JÓN JÓNSSON**  
**22.30**  
 HAPPY HOUR  
 FRÁ TÍU TIL TÓLF



Fös. 27. júlí  
**ÞJÓÐHÁTÍÐAR  
 LAGALISTINN**  
 HAPPY HOUR  
 FRÁ TÍU TIL TÓLF



Lau. 28. júlí  
**INGÓ**  
**22.30**  
 HAPPY HOUR  
 FRÁ TÍU TIL TÓLF



Mið. 1. ágúst  
**INGÓ**  
**22.30**  
 HAPPY HOUR  
 FRÁ TÍU TIL TÓLF



Fim. 2. ágúst  
**JÓN JÓNSSON**  
**22.30**  
 HAPPY HOUR  
 FRÁ TÍU TIL TÓLF



Fös. 3. ágúst  
**ÞJÓÐHÁTÍÐAR  
 LAGALISTINN**  
 HAPPY HOUR  
 FRÁ TÍU TIL TÓLF



Lau. 4. ágúst  
**ÞJÓÐHÁTÍÐAR  
 LAGALISTINN**  
 HAPPY HOUR  
 FRÁ TÍU TIL TÓLF



Sun. 5. ágúst  
**ÞJÓÐHÁTÍÐAR  
 LAGALISTINN**  
 HAPPY HOUR  
 FRÁ TÍU TIL TÓLF